

G J A L D S K R Á

fyrir

rafveitu Akureyrar.

100
14. okt.

Í. gr.

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

a. Til ljósa:

1. Þar sem orkan er notuð aðallega til ljósa, verður hún seld um kilóvattstundamæli fyrir 50 aura hver kilóvattstund.

Raforku til lækninga má þó selja lægra verði, enda geri rafveitustjóri sérstakan samning í hvert skipti, og ber þá að taka tillit til á hvaða tíma dags orkan er notuð.

2. Þar sem orkan er notuð til ljósa og auk þess hlutfallslega að verulegum mun til suðu, hitunar og því um líkt, má selja hana um hemil fyrir 400 krónur hvert kilóvatt um árið.

b. Til suðu og hitunar:

Þar sem orka til suðu og hitunar og því. er mæld sérstaklega (engin ljós á sama mæli eða hemli), má selja hana:

1. Um hemil fyrir 300 krónur hvert kilóvattár, eða
2. um mæli fyrir 12 aura hverja kwst.

c. Til iðnaðar og annarar framleiðslu:

Til iðnaðar og annarar framleiðslu verður orkan seld:

1. Um hemil fyrir 350 krónur hvert kilóvattár, eða
2. um mæli fyrir 25 aura hverja kwst. allt árið.
3. 50 aura kwst. á ljósatíma, en 16 aura á kwst. utan ljósatíma.

Ljósatími er talinn:

| | | | | |
|--------------|-----------|------------------|-------|--|
| Í sept. | frá kl. 7 | e. m. til kl. 12 | e. m. | |
| - okt. | — — 5½ | — — — 12 | — | |
| - nóv. | — — 4 | — — — 12 | — | |
| - des. | — — 3 | — — — 12 | — | |
| - jan. | — — 4 | — — — 12 | — | |
| - febr. | — — 5½ | — — — 12 | — | |
| - marz | — — 7 | — — — 12 | — | |

d. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjórn selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó ekki til lengri tíma en þriggja mánaða, nema til komi samþykki bæjarstjórnar.

e. Verð fyrir raforku til götu- og hafnarlýsingar ákveður bæjarstjórn.

100
14. okt.

2. gr.
Bæjarstjórninni er heimilt, án frekari staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld fyrir raforku um allt að 20% frá því, sem ákveðið er í gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórða parti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og eru gjalddagar 2. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. Gjald eftir tölu kilóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafist er.

4. gr.

Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15, 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1932.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

101
15. okt.

REGLUGERÐ

fyrir

Brunabótafélag Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 26, 23. júní 1932 um Brunabótafélag Íslands er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir félagið.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

Félagið sjálfst og stjórn þess.

1. gr.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, sem hér eftir kallast félagið í reglugerð þessari, er eldsvoðatryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð félagsmanna og með ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 800,000 kr. Markmið félagsins er að taka